64 28. maí. **Brjef landshöfðingja** *til verzlunarstjóra Pjeturs Sæmundssonar á Blönduósi* **um að póstmeistaranum í Reykjavík sje skylt að veita seðlum landsbankans móttöku sem borgun fyrir póstávísanir.** — Útaf fyrirspurn yðar í brjefi dagsettu 1. þ. m. vil jeg tjá yður, að með því að svo er fyrir mælt í lögum 18. september f á. um stofnun landsbanka, 4. gr., að seðlar þeir, sem getur um í 2. og 3. gr. skuli gjaldgengir í landssjóð og aðra almannasjóði hjer á landi og sjeu hjer manna á milli löglegur gjaldeyrir með fullu ákvæðisverði, þá er póstmeistaranum í Reykjavík skylt að veita seðlum þessum móttöku sem borgun fyrir póstávísanir til Danmerkur og útlanda á sama hátt, sem dönskum gull- og silfurpeningum.

65 5. júní.

Reglugjörð

fyrir

landsbankann í Reykjavík.

I. kafli.

Um stjórn landsbankans.

1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun landsbanka 18. septbr. 1885, 19. gr., skal bankanum stjórnað af 1 framkvæmdarstjóra og 2 gæzlustjórum. Framkvæmdarstjóri skal annast dagleg störf bankans og stýra þeim. Gæzlustjórarnir eiga að hafa umsjón með, að lögunum um landsbankann sje fylgt, og farið sje eptir ákvörðunum þeim, sem settar eru í þessari reglugjörð; er þeim því ekki að eins heimilt, hvenær sem er, að vera við staddir í bankanum til þess að hafa eptirlit með störfunum þar, heldur einnig skylt, svo opt sem þörf er á, og sjerstaklega þegar framkvæmdarstjóri kveður til, að eiga fund með honum til þess að ræða þau málefni, sem snerta bankann, er framkvæmdarstjóri óskar álits þeirra um, og ásamt honum að gjöra út um þau, svo sem um, hvort lán skuli veita, og með hverjum skilmálum, o. fl.

2. gr.

Bankastjórnin á að gæta þess, að endurskoðun framfari að minnsta kosti mánaðarlega, til þess að flýta fyrir úrskurði á ársreikningnum, og til þess að hann verði sem fyrst birtur.

3. gr.

Bankastjórnin skal hafa eptirlit með bókfærslunni og gjaldkerastörfunum, og að minnsta kosti einu sinni á mánuði hverjum kynna sjer, hvort sjóður sá, sem fjehirði einum er trúað fyrir, sje jafnmikill og í bókunum segir. Framkvæmdarstjóra er auðvitað einnig einum saman heimilt að hafa eptirlit með þeim, svo opt sem hann vill.